

# *Viðbragðsáætlun vegna óveðurs og ófærðar í Heilsuleíksskólanum Laufás og Grunnskólanum á Þíngeyri*

## *Skólaakstur*



Það er í höndum bílstjóra að fella niður skólaakstur í samráði við skólastjóra. Ef skólaakstur fellur niður vegna veðurs og/eða ófærðar lætur skólastjóri vita fyrir kl 7:30 að morgni.

## *Skólahaldi aflýst*

Ef skólahaldi er aflýst vegna veðurs eða ófærðar fá foreldrar tilkynningu um það með tölvupósti á skráð netfang í Mentor (grunnskóli) og í skráð netfang hjá leiksskólanum. Einnig er það tilkynnt á heimasíðu skólanna sem og facebook síðu. Einnig eru sendar út fréttatilkynningar á [Ríkisútvarpið](#) og [Bæjarins besta](#).

**Það er ávallt ákvörðun foreldra að meta hvort að barn eigi erindi í skólann, þegar veður og/eða veðurútlit er slæmt og/eða ófærð.**

**Foreldrar tilkynna þá til skólans eins og önnur forföll.**



## *Almenn viðmið hjá stofnunum Ísafjarðarbæjar eru eftirfarandi:*

### **Vinnuferli**

Stofnunum Ísafjarðarbæjar er ekki lokað vegna veðurs nema algera nauðsyn beri til. Stofnun skal halda opinni til hins ýtrasta, þó starfsemi skerðist vegna ófærðar. Þannig er lögð áhersla á að íbúar eigi í skjól að venda en sé ekki úthýst þegar veður er vont. Komi til þess að með engu móti er hægt að halda dyrum stofnunar opnum vegna manneklu ætti að tilkynna það fjölmiðlum með eins miklum fyrirvara og frekast er unnt.

Ef forstöðumenn skóla og leikskóla telja að ekki sé hægt að halda úti óskertri starfsemi ætti að tilkynna fjölmiðlum þá ákvörðun að jafnaði um einni og hálfri klukkustund fyrir auglýstan opnunartíma eða með eins miklum fyrirvara og hægt er.

### **Ástæður lokana**

Forstöðumaður getur lokað stofnun af einni eða fleirum af eftirtöldum ástæðum:

- Tilmæli frá almannavörnum eða lögreglu
- Rafmagnsleysi kemur í veg fyrir að hægt sé að halda stofnuninni opinni
- Ófærð er svo almenn að ekki næst að kalla til lágmarksfjölda starfsmanna til að halda a.m.k. skertri þjónustu

### **Tilkynningar**

Ef forstöðumaður ákveður að loka ber honum að tilkynna það eins og hægt er:

- Með tilkynningu á heimasíðu og facebooksíðu stofnunar
- Með því að hafa samband við upplýsingafulltrúa sem tilkynnir á heimasíðu Ísafjarðarbæjar og samfélagsmiðlum
- Ef nauðsyn krefur, með tilkynningu á [frettir@bb.is](mailto:frettir@bb.is), [frettir@ruv.is](mailto:frettir@ruv.is) og eftir atvikum með símhringingu á fréttastofu RÚV (515-3050) og fréttastofu 365 miðla (512-5200) fyrir klukkan 07.00